

Dalagisting ehf.
Ársreikningur 2019

Dalagisting ehf.
Miðbraut 11
370 Búðardalur

kt. 460396-2399

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er gistihúsarekstur, byggingastarfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 0,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé félagsins í árslok nam 56,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórnarlaun og laun framkvæmdastjóra voru greidd á árinu vegna 2019, samtals 968 þús. kr. auk 178 þús. kr. í launatengd gjöld.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, svo sem vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og hver áhrifin muni verða á ferðaþjónustu eftir að honum lýkur. Þegar faraldurinn skall á stöðvuðust allar þreifingar varðandi sölu og/eða leigu á eignum félagsins og strax varð ljóst að ekki yrði starfsemi í húsnæði félagsins í sumar. Veruleg óvissa ríkir enn um endanleg áhrif faraldursins á félagið en þau ráðast meðal annars af því hversu lengi hann varir, hversu lengi núverandi efnahagssamdráttur varir og áhrifum af aðgerðum stjórnvalda til að koma til móts við félög sem eiga við rekstrarvanda að etja vegna faraldursins.

Rekstraráætlanir stjórnenda miða að því að tryggja áframhaldandi rekstur þess. Samkvæmt þeim er ekki gert ráð fyrir tekjuöflun hjá félaginu á árinu 2020. Handbært fé félagsins í árslok 2019 að fjárhæð 18,8 millj. kr. mun samkvæmt áætlunum nægja til að félagið geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á árinu 2020.

Hlutfé félagsins nam í árslok 66,0 millj. kr. Í árslok 2019 voru þrjú hluthafar en þeir eru:

	Eignarhluti
Dalabyggð	72,7%
Búnaðarsamband Dalamanna	19,7%
Flugleiðahótel ehf.....	7,6%

Stjórn félagsins gerir ekki tillögu um arðgreiðslu til hluthafa á árinu 2020.


Engin starfsemi er í Búnaðarsambandi Dalamanna og liggur fyrir samkomulag milli búnaðarfélaganna sem eiga aðild að því um að eignarhluti þess færist til þeirra sbr. samþykkt 74. fundar stjórnar félagsins þann 31. mars 2020. Í samræmi við það verður skipting milli hluthafa í félaginu eftirfarandi:


	Eignarhluti
Dalabyggð	72,7%
Búnaðarfélag Hvammsfjarðar.....	7,73%
Flugleiðahótel ehf.....	7,57%
Búnaðarsamband Miðdala.....	6,63%
Búnaðarfélag Laxárdals.....	3,31%
Búnaðarfélag Hörðudals.....	2,03%

Stjórn og framkvæmdastjóri Dalagistingar ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Búðardal, 2. júní 2020

Í stjórn félagsins:


Eyjólfr Ingvi Bjarnason
Anna B. Halldórsdóttir


Palmi Johannsson

Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Dalagistingu ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Dalagistingar ehf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 2. júní 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Húsaleigutekjur		11.058.442	8.995.678
		<u>11.058.442</u>	<u>8.995.678</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld stjórnar		1.145.679	266.656
Rekstur húsnæðis		4.398.173	1.714.936
Aðkeypt sérfræðiþjónusta		882.289	1.047.505
Afnót tjaldsvæða og annar kostnaður		24.343	117.532
Afskriftir	2	<u>2.958.446</u>	<u>3.012.185</u>
		<u>9.408.930</u>	<u>6.158.814</u>
Rekstrarhagnaður.....		1.649.512	2.836.864
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		13.402	15.355
Vaxtagjöld og verðbætur	(899.170)	(1.055.805)
Gengismunur	(155.240)	(495.634)
		<u>(1.041.008)</u>	<u>(1.536.084)</u>
Hagnaður ársins	3	<u>608.504</u>	<u>1.300.780</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fasteignir		56.557.080	58.653.163
Vélar og tæki		62.362	62.362
Innréttingar og búnaður		2.957.476	3.819.839
Fastafjármunir samtals	2	<u>59.576.918</u>	<u>62.535.364</u>
Skammtímakröfur		904.094	202.461
Handbært fé		18.795.923	11.220.466
Veltufjármunir samtals		<u>19.700.017</u>	<u>11.422.927</u>
Eignir samtals		<u><u>79.276.935</u></u>	<u><u>73.958.291</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé		66.037.191	66.037.191
Ójafnað eigið fé		(9.638.569)	(10.247.073)
Eigið fé samtals	3	<u>56.398.622</u>	<u>55.790.118</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	4	<u>12.140.253</u>	<u>14.461.953</u>
Langtímaskuldir samtals		<u>12.140.253</u>	<u>14.461.953</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við hluthafa		7.363.442	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	4	2.656.688	2.595.490
Aðrar skammtímaskuldir		717.930	1.110.730
Skammtímaskuldir samtals		<u>10.738.060</u>	<u>3.706.220</u>
Skuldir samtals		<u>22.878.313</u>	<u>18.168.173</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>79.276.935</u></u>	<u><u>73.958.291</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	3	608.504	1.300.780
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	2	2.958.446	3.012.185
Verðbætur og gengismunur		382.330	806.258
Veltufé frá rekstri		<u>3.949.280</u>	<u>5.119.223</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(701.633)	311.100
Skammtímaskuldir, lækkun	(392.800)	(5.279.152)
	(<u>1.094.433)</u>	<u>(4.968.052)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.854.847</u>	<u>151.171</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		0	(2.419.355)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(2.419.355)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	(2.642.832)	(2.501.523)
Skuld við hluthafa, breyting		7.363.442	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>4.720.610</u>	<u>(2.501.523)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		7.575.457	(4.769.707)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>11.220.466</u>	<u>15.990.173</u>
Handbært fé í árslok		<u>18.795.923</u>	<u>11.220.466</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningur Dalagistingar ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af húsaleigu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga. Tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning ef veruleg óvissa er um innheimtanleika þeirra.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Vélar og tæki	5 ár
Innrétingar og búnaður	5 ár

d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar og tæki	Innrétingar og búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	104.804.128	623.624	11.078.774	116.506.526
Heildarverð 31.12.2019	104.804.128	623.624	11.078.774	116.506.526
Afskrifað áður	46.150.966	561.262	7.258.934	53.971.162
Afskrifað á árinu	2.096.083	0	862.363	2.958.446
Afskrifað samtals 31.12.2019	48.247.049	561.262	8.121.297	56.929.609
Bókfært verð 1.1.2019	58.653.163	62.362	3.819.839	62.535.364
Bókfært verð 31.12.2019	56.557.080	62.362	2.957.476	59.576.918
Afskriftahlutföll	2%	20%	20%	

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 68,6 millj. kr. (2018; 57,7 millj. kr. og fasteignamat lóðar nam 5,8 millj. kr. (2018; 5,3 millj. kr.) í árslok 2019. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 373,1 millj. kr. (2018; 351,5 millj. kr.). Vátryggingarverðmæti lausafjármuna félagsins nemur 32,0 millj. kr.

Skýringar, frh.:

3. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 66,0 millj. kr. í árslok 2019. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2019	66.037.191	(10.247.073)	55.790.118
Hagnaður ársins		608.504	608.504
Staða 31.12.2019	<u>66.037.191</u>	<u>(9.638.569)</u>	<u>56.398.622</u>

4. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lán í ISK bundin vísitölu neysluverðs	7.508.306
Lán í EUR	<u>7.288.635</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	14.796.941
Næsta árs afborganir	<u>(2.656.688)</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>12.140.253</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	2.656.688
Árið 2021	2.656.688
Árið 2022	2.656.688
Árið 2023	2.656.688
Árið 2024	2.656.688
Síðar	<u>1.513.501</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>14.796.941</u>

5. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2019 sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 284 þús. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Yfirfæranlegt skattalegt tap 2019, nýtanlegt til 2029	<u>284.270</u>
	<u>284.270</u>

6. Veðsetningar

Húseign félagsins að Laugum í Sælingsdal sem bókfærð er á 56,6 millj. kr. er veðsett fyrir skuldum sem eru að eftirstöðvum 15,0 millj. kr. í lok ársins ásamt áföllnum ógreiddum vöxtum.